

Umhverfisstofnun
Áb.

- 5. sep. 2011
10. 4. 2

Tilv.



UMHVERFISSTOFNUN

Grýtubakkahreppur
Guðný Sverrisdóttir,
sveitarstjóri
Gamla skólahúsinu
610 Grenivík

Reykjavík, 1. september 2011
Tilvísun: UST20110500203/ksj

Endurskoðun aðalskipulags Grýtubakkahrepps 2010 - 2022 - Lýsing

Vísað er til erindis sveitarfélagsins Grýtubakkahrepps er barst 23. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um verkefnislýsingu endurskoðaðs aðalskipulags Grýtubakkahrepps 2010 – 2022 sem lagt er fram í samræmi við 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.


Efnisnámur

Í lýsingunni kemur fram að efnisnám er í jaðri hverfisverndarsvæðis í Víkurhólum. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að áætlað sé hver efnispörfir er á skipulagstímabilinu. Einnig er mikilvægt að mati stofnunarinnar að skoðað verði hve mikla efnistöku hverfisverndaða svæðið þoli á skipulagstímabilinu, og hver áhrif efnistökunnar eru á ásýnd svæðisins. Einnig bendir Umhverfisstofnun á mikilvægi þess að efnistaka fari fram í jaðri svæðisins og að ekki verði farið í efnistöku inni á hverfisverndaða svæðinu.

Umhverfisstofnun bendir á að skv. 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, er efnistaka á landi eða úr hafsbotni þar sem áætluð efnistaka raskar 25.000 m^2 svæði eða stærra eða er 50.000 m^3 eða meiri, framkvæmd sem er tilkynningaskyld. Skv. ofangreindum lögum er slík efnistaka framkvæmd sem kann að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og metið er í hverju tilviki með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar hvort háðar skuli mati á umhverfisáhrifum.

Umhverfisstofnun gerir ekki að öðru leyti athugasemd við endurskoðað aðalskipulag
Grytubakkahrepps 2010 - 2022, lýsingu, en vísar til umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu
að aðalskipulagi Grytubakkahrepps 2010 - 2022 dags. 29. mars 2011.

Beðist er velvirðingar á hve langan tíma hefur tekið að svara erindinu.

Virðingarfyllst

Kristín L. Arnadóttir
Forstjóri


Kristín S. Jónsdóttir

Skipulagsstofnun